

Fundur í Betadeild mánudaginn 26. september 2011

Fundarstaður: Hrafnagilsskóli í Eyjafjarðarsveit

Dagskrá:

1. Setning fundar .
 2. Fundargerð síðasta fundar
 3. Orð til umhugsunar
 4. Fréttir af framkvæmdaráðsfundi og Evrópuþingi
 5. Hóþavinna, kaffi og happdrætti
 6. Önnur mál
 7. Fundi slitið
1. Þorgerður setti fund og bað Björk að kveikja á kertum fyrir vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Þá flutti formaður kveðjur frá konum sem ekki gátu mætt á fundinn. Kveðja barst frá Margréti Albertsdóttur, þar sem óvíst væri að hún kæmi á fleiri fundi í vetur sökum lélegs heilsufars. Þórunn Bergsdóttir sendi kveðju og reiknaði hún með að verða lítið með í vetur sökum anna.
 2. Hanna las upp fundargerð þar sem ritari var ekki á fundinum. Fyrirspurn kom varðandi inntöku nýrra kvenna í deildina. Þorgerður vitnaði í fundargerð frá síðasta starfsári þar sem félagskonur samþykktu að nota áfram gömlu regluna (reglan um að 80% atkvæði þurfi til að samþykkja nýja konu inn í deildina). Einnig hafði hún rætt þessi mál við lögsögumann. Hlutir varðandi inntöku eru í skoðun hjá samtökunum og verða eflaust ræddir á næsta landssambandsþingi, en margar deildir hafa túlkað lögin ansi frjálsslega.
 3. Lilja flutti orð til umhugsunar. Hún kaus að segja frá sjálfri sér þar sem hún hafði komist að því að hún væri „ofurkona“. Hún væri í fullu starfi, í námi, í leikfimi og ein að ala upp barn sem hún hefði ættleitt frá Kína. Mikilvægast af þessu væri að vera uppalandi, en augljóst væri að maður tæki nokkuð mið af því uppeldi sem maður hlaut sjálfur, svo sem að læra bænir. Þá las hún fyrir okkur upp úr gömlu „Barnablaði“ þar sem Briet Bjarnhéðinsdóttir var ritstjóri. Ragnheiður Stefánsdóttir þakkaði fyrir samúðarkveðjur og rósir sem Betasystur sendu henni vegna andláts systur hennar.
 4. Þorgerður sagði frá framkvæmdaráðsfundi sem haldinn var 3. september. Nýr forseti landssambandsins er Sigríður Ragna Sigurðardóttir úr Alfadeild. Rætt var um að konum fækkaði í samtökunum á heimsvísu. Mæting á fundum var rædd en hún er mjög misjöfn eftir deildum. Spurning hvernig við getum virkjað konur innan deildanna. Rætt var um að festa helgi fyrir landsfund t.d. fyrstu helgina í maí. Þorgerður var óánægð með að ekki var rætt um ályktun sem Betadeild sendi varðandi niðurskurð í menntamálum. Þá minntist formaður á Evrópuþingið sem haldið var í Baden Baden í byrjun ágúst í sumar en þangað fóru 18 íslenskar konur víðs vegar að af landinu. Margar þeirra voru með erindi á þinginu bæði fróðleg og skemmtileg um samtökin, uppeldismál og menntamál. Vetrardagskrá var rædd og sagt var frá hækkun árgjalds um 1000 krónur sem samþykkt var í vor á landssambandsþingi. Samþykkt var að borga 1000 krónur aukalega nú í haust í árgjald Betadeildar til að koma til móts við þá hækkun. Árgjaldið verður því 11000 krónur fyrir þetta starfsár.
 5. Hóþavinna. Konur skiptu sér í fjóra hópa og dreifðu sér um skólann. Urðu fjörugar umræður um veru okkar í samtökunum og virkni innan þeirra. Tekið var gott kaffihlé en að því loknu sagði hópstjóri frá umræðum innan síns hóps varðandi tiltekið málefni sem hópurinn hafði rætt. Þetta var framhald af hóþavinnu frá febrúarfundi. Kaffiveitingar voru í boði Gunnlaugar Friðriksd. Maríu Gunnarsd. og Maríu Steingrímsd. Dregið var í happdrættinu og fékk Fríða Pétursdóttir vinninginn að þessu sinni sem María Steingríms kom með.
 6. Engin mál komu upp undir liðnum önnur mál.

7. Þorgerður sleit fundi og slökkti á kertum.

Fundargerð ritaði Hanna Salómons dóttir